



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Orkustofnun
bt. Skúla Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 11. janúar 2013
Tilv.: 1212021

Efni: Skiptireglur blandaðra jarðvarmavirkjana

Vísað er til bréfs Orkustofnunar (OS) til Samkeppniseftirlitsins, dags. 21. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn eftirlitsins á tillögu Orkuveitu Reykjavíkur (OR) um breytingu á skiptireglum á sameiginlegum kostnaði blandaðra jarðvarmavirkjana.

Í framangreindu bréfi OS kemur fram að núverandi skiptireglur, sem byggja á 41. gr. raforkulaga nr. 65/2003, hafi verið í gildi frá árinu 2007 og síðast uppfærðar þann 15. desember 2011. Núverandi reglur um skiptingu kostnaðar jarðvarmavirkjana taka mið af framleiddri orku í kWh og útreiknuðum afltoppi í kW. Í tillögum OR er lagt til að sameiginlegum kostnaði verði skipt út frá uppsettu afli rafmagnsframleiðslu og uppsettu hámarksrennsli varmaframleiðslu. Í bréfi OR til OS, dags. 6. september 2012, segir m.a:

„Í Hellisheiðavirkjun liggur 133 MW varmastöð og því til viðbótar er gert ráð fyrir stækkun í allt að 400 MW eftir því sem markaðurinn kallar á. Varmastöðin er ekki keyrð á fullu uppsettu afli þar sem þörfin er ekki til staðar. Væntanlega tekur einhver ár að ná því að varmastöðin sé keyrð á fullu afli og tímalega þarf að huga að frekari stækkun áður en til þessa kemur. Rafstöðin er hins vegar keyrð því sem næst á uppsettu afli frá fyrsta degi. Þetta leiðir til þess að of stór biti sameiginlegs kostnaðar er færður á rafstöðina.

Það er óeðlilegt að leiðbeiningar OS leiði til þess að of stór hluti sameiginlegs kostnaðar sé færður á rafstöð í tilfalli Hellisheiðavirkjunar. Rétt er að benda á að þegar leiðbeiningarnar voru samdar var OR með Nesjavallavirkjun í fullum rekstri, bæði varmastöð og rafstöð. Áhrifin voru því takmörkuð, en öðru máli gegnir um Hellisheiðavirkjun, þar sem virkjunin er keyrð eftir þörfum markaðarins.“



Tillaga OR gengur út frá því að miða skiptingu sameiginlegs kostnaðar við afkastagetu (uppsettu afli) jarðvarmavirkjana óháð nýtingu virkjana til rafmagns- og varmaframleiðslu. Það leiðir til þess að ef dregið er úr varmaframleiðslu vegna markaðsaðstæðna þá deilir sú starfsemi áfram með sama hætti sameiginlegum kostnaði með rafmagnsframleiðslu og öfugt. Samkeppniseftirlitið varar við tillögu OR þar sem hún kann að leiða til kostnaðarfærslu óháð eiginlegri starfsemi og framleiðslu. Sé sameiginlegum kostnaði jarðvarmavirkjana ekki skipt í samræmi við vægi framleiðslu á rafmagni og heitu vatni þá kann það að brengla eðlilega verðlagningu viðkomandi afurða og raska samkeppni.

Í ljósi framangreinds telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að breyta núverandi fyrirkomulagi um skiptingu á sameiginlegum kostnaði blandaðra jarðvarmavirkjana sem í grundvallaratriðum tekur mið af raunverulegri framleiðslu hennar og 41. gr. raforkulaga nr. 65/2003.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið

Birgir Óli Einarsson